

Lögmaður stefnanda neitar að samþykkja frekari frest á þeim forsendum, að lögmanni stefnda hafi verið í lófa lagið að láta aðiljayfirheyrsluna fara fram fyrir löngu síðan.

Beiðni frestbeiðanda um aðiljayfirheyrslu hafði verið tekin til meðferðar hjá borgardómaraembættinu og var ætlunin, að téð aðiljayfirheyrsla færi fram í dag, en lögmaður stefnanda hélt þá fast við kröfu sína um, að úrskurðað yrði um frestbeiðnina.

Þegar tillit er tekið til þessa og til þess, að í síðasta þinghaldi voru lögð fram 7 ný dómskjöl, og annarra atriða málsins, þykir rétt að veita nokkurn frekari frest til öflunar gagna og til að stefnda gefizt kostur á að gefa skýrslu fyrir dómi.

Þykir rétt að verða við frestbeiðni stefnda, þó þannig, að fresturinn þykir hæfilega ákveðinn til 7. október n.k.

Ákvörðun um málskostnað í þessum þætti málsins bíður endanlegs dóms í málinu.

Björn Friðfinnsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

#### Úrskurðarorð:

Frestur er veittur til 7. október n.k.

Mánudaginn 11. október 1965.

Nr. 5/1965. M (Áki Jakobsson hrl.)

gegn

K (Árni Guðjónsson hrl.).

#### Dómendur:

hæstaréttardómaraarnir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.

Frávísun.

#### Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. janúar 1965.

Hér fyrir dómi hefur málið verið flutt einungis um formhlið þess, og hafa aðiljar gert þessar dómkröfur:

Áfrýjandi krefst ómerkingar héraðsdóms og heimvísunar málsins til gagnaöflunar og dómsálagningar af nýju og svo málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og að áfrýjanda verði dæmt að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti, en að laun talsmanns hennar hér fyrir dómi greiðist úr rikissjóði.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp 10. ágúst 1963. Skaut áfrýjandi honum til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. desember 1963, en útvistardómur gekk í því máli, nr. 3/1964, þann 2. marz 1964. Áfrýjandi skaut nú málinu aftur til Hæstaréttar með stefnu 25. marz s. á. í málinu nr. 68/1964. Gekk útvistar-dómur í því máli þann 2. desember 1964. Samkvæmt ákvæðum 36. gr. laga nr. 57/1962 er aðilja rétt að skjóta máli aftur til Hæstaréttar, sem fallið hefur niður, en heimild þessari verður eigi beitt oftár en einu sinni. Af þeim sökum verður máli því, sem hér er til úrlausnar, vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Stefndi hefur ekki fengið gjafvörn fyrir Hæstarétti. Verða laun talsmanns hennar því eigi greidd úr rikissjóði.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 6.000.00.

#### Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, M, greiði stefnda, K, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. ágúst 1963.

Ár 1963, laugardaginn 10. ágúst, var á bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var í Borgartúni 7 af Loga Einarssyni yfirsakadómará, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 16/1963: K gegn M, sem tekið var til dóms 9. s. m.

Hinn 1. ágúst 1962 ól sóknaraðili, K, ógift skrifstofustúlka, . . . . ., sveinbarn, sem í skírinni hlaut nafnið B.

Föður að barni þessu hefur sóknaraðili lýst M múrara, . . . ., en hann hefur ekki viljað við faðernið kannast. Hefur sóknaraðili því höfðað mál þetta gegn honum og krafizt þess, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1962, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Þá krefst hún málskostnaðar að skaðlausu. Til vara krefst sóknaraðili fyllingarelds.

Varnaraðili krefst sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja og málskostnaðar að mati dóms. Synjunarelds krefst hann ekki.

Sumarið 1961 dvaldist varnaraðili í Ólafsfirði og vann við nýbyggingu kaupfélagsins þar, en fór þaðan um miðjan desember s. á. til Siglufjarðar, þar sem hann bjó þá. Sumar þetta kynntust þau sóknaraðili og varnaraðili, en hún vann þá í skrifstofu kaupfélagsins. Þau eru sammála um að hafa í eitt skipti, að afloknum dansleik, er þau voru á, haft samfarir saman í herbergi því, sem varnaraðili hafði á Ólafsfirði, og að þau hafi þá ekki viðhaft neinar varúðarráðstafanir til að reyna að koma í veg fyrir, að sóknaraðili yrði barnshafandi. Segir hún samfarirnar hafa farið fram aðfaranótt sunnudagsins 5. nóvember 1961, en varnaraðili segir það hafa verið í október eða nóvembermánuði það ár.

Áður en varnaraðili fór frá Ólafsfirði um miðjan desember 1961, kveðst sóknaraðili hafa tjáð honum, að hún væri barnshafandi, en hann segist þá hafa svarað því til, að hann hefði vitað til þess, að hún hefði verið með tveimur öðrum mönnum, sem hann hefur þó ekki getað nafngreint. Þessu segir hann sóknaraðilja hafa svarað á þá leið, að hún hefði aðeins verið með einum öðrum manni en honum. Sóknaraðili neitar þessu, enda fullyrðir hún, að hún hafi ekki haft samfarir við nokkurn annan karlmann en varnaraðilja á mögulegum getnaðartíma barnsins. Er hún sagði honum frá þunga sínum, kveðst hún hafa tjáð honum, að enginn annar en hann kæmi til greina sem faðir barnsins, en hann hafi þá tjáð henni, að hann væri heitbundinn stúlku á Siglufirði. Kveðst hún þá hafa sagt honum, að barnsins vegna yrði hún að feðra barnið, en hún væri ekki að sækjast eftir því, að hann trúlofaðist henni, enda hefði hún sagt honum, að hún væri hrifin af öðrum manni. Ekki kveðst varnaraðili muna eftir þessu, en segir þó vel geta verið, að sóknaraðili

hafi tjáð honum, að hún væri hrifin af öðrum manni en honum. Hann kveðst hafa verið leynilega trúlofaður í desembermánuði 1961, en minnst þess ekki að hafa sagt sóknaraðilja það.

Í marzmánuði 1962 skrifaði sóknaraðili varnaraðilja bréf, þar sem hún lýsti hann föður að barninu. Þessu bréfi svaraði hann með bréfi, dags. 15. s. m., dskj. nr. 4, þar sem hann segir, að hún viti, að hann geti ekki gengið við faðerninu, þar eð hann sé ekki viss um að eiga barnið, enda hafi hún sagt sér, að hún hefði verið með öðrum manni en sér rétt á eftir honum, og að sá maður geti alveg eins átt barnið. Þá getur hann þess, að hann sé hálftrúlofaður stúlku, er eigi barn á öðru ári, og því hafi hann nóg um að hugsa.

Blóðflokkarannsókn á aðiljum málsins og barninu hefur ekki útilokað varnaraðilja frá faðerninu, en niðurstaða rannsóknarinnar var sem hér segir:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c
Sóknaraðili .....	O	M	+	+	÷	÷
Barnið .....	O	M	+	+	+	+
Varnaraðili .....	B	M	+	+	+	+

Í vottorði próf. Niels Dungals, forstöðumanns Rannsóknarstofu háskólans, um blóðrannsóknina segir: „Samkvæmt þessari rannsókn er ekki unnt að útiloka M frá faðerninu. Barnið hefur fengið eiginleikana E og c frá föður sínum, og þeir finnast báðir hjá M.“

Samkvæmt vottorði Láru Vilhjálmsdóttur ljósmóður var barnið við fæðingu 4100 gr. á þyngd og 53 sm á lengd.

Sóknaraðili kveðst síðast hafa haft á klæðum fyrir barnsburð um mánaðamót október og nóvember 1961, en hún segist ætíð hafa haft reglulegar tíðir.

Leitað var umsagnar borgarlæknisins í Reykjavík um, hvernær barn það, sem mál þetta er risið af, geti verið komið undir, og segir svo í umsögn hans:

„Samkvæmt vottorði ljósmóðurinnar, dags. 20. maí s.l., var barnið fullburða við fæðingu. Meðalmeðgöngutími fullburða barna er talinn vera 271 dagur, með 11 daga misvísun til eða frá. Samkvæmt því ættu mestar líkur að vera til, að umrætt barn sé getið á tímabilinu 24. október til 15. nóvember 1961.

Með hliðsjón af þroska barnsins við fæðingu, getur það samkvæmt dreifingartöflu dr. Lindners, Málmey, yfir þyngd og lengd nýfæddra barna verið komið undir einhvern tíma á tíma-

bilinu 6. september til 5. desember 1961, en 836% líkur til, að barnið sé getið á tímabilinu 4. október til 7. nóvember sama ár.“

Eins og að framan greinir, eru málsaðiljar sammála um að hafa haft samfarir saman á líklegasta getnaðartíma barnsins, en engar sannanir hafa verið færðar fyrir því, að sóknaraðili hafi á mögulegum getnaðartíma haft samfarir við annan karlmann en varnaraðilja. Blóðflokkarannsókn hefur og eigi útilokað hann frá faðerninu. Ber því að dæma varnaraðilja föður barnsins, til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald sóknaraðilja fyrir árið 1962, allt eftir yfirvaldsúrskurði.

Þá ber einnig að dæma varnaraðilja til greiðslu málskostnaðar, en úr ríkissjóði hafa þegar verið greiddar kr. 1325.00 vegna máls þessa. Enn fremur verður greidd úr ríkissjóði þóknun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Árna Halldórssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1.500.00. Ber samkvæmt þessu að dæma varnaraðilja til að greiða kr. 2.825.00 í málskostnað, er renni til ríkissjóðs.

#### Dómsorð:

Varnaraðili, M, skal teljast faðir óskilgetins sveinbarns, B, er sóknaraðili, K, ól hinn 1. ágúst 1962, og greiða með því meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald sóknaraðilja fyrir árið 1962, allt eftir yfirvaldsúrskurði.

Þá greiði varnaraðili í málskostnað kr. 2.825.00, sem renni til ríkissjóðs.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.